

ar í Sask.; 2 til Argyle, og 3 til Nýja-Íslands, þar á meðal þau hjón Árni og Sigurbjörg Þórðarson, er einnig veru stofnerdur þessa safnaðar og beztu styrktarmenn. Vantanlega kemur samt af þessu fólki til baka aftur, en hvar sem það verður, þá verður það frjálssyndum málum til styrktar og eflingar, er óvígast eiga of marga vini og vildarmenn.

Menningarfélagið.

Félag þetta myndaðist haustið 1906, að tilhlutan nokkurra manna í Unítarasöfnuðinum. Orsökkin til þess að félagið var myndað, var sú, að áskorun kom austan frá Boston, frá Dr. S. A. Eliot, forseta Ameríkanska Unítarafélagsins, til yngra fólkeins í kyrkjunni hér, að ganga í félag, er að einhverju leyti gæti staðið í sambandi við alsherjar Ungm. félagið Unítaríska í Ameríku. Nefnd var skipuð af söfnuðinum, til að ihuga þetta mál, og var formaður þeirrar nefndar Skapti B. Brynjólfsson. Eftir að nefndin hafði ihugað málið nokkurn tíma, komst hún að þeirri niðurstöðu, að heppilegt væri, að félagið taki á sig það snið, að stefna félagsins yrði frekar í skemtandi og fræðandi átt, í almennum efnum, heldur en bundin nokkrum sérstöktum kyrkjulegum flokkum. Varð það því úr, að félagið var myndað, utanvert við alla kyrkjuflokka, og tók sér þá einu stefnuskrá, „að efla frjálssyndi og auka víðsýni.“ Grundvallarlög voru samín, og öllum leyfð frjáls innganga, hverra skoðana sem væri, er undirgangast vildi stefnuskrá félagsins. Líktist félag þetta að mörgu leyti hinu gamla góðkunna Menningarfélagi, er eitt sinn var í Dakota, og tók sér því nafn þess, sem réttborinn erfingi. Skapti B. Brynjólfsson, forseti gamla Menningarfélagsins, var kosinn forseti, og hefir hann verið það síðan.

Starfsár félagsins er frá 1. Okt. til 1. Júní, ár hvert, en fundarhlé yfir 4 sumarmánuðina. Fundi heldur það tvisvar í mánuði, annað og fjórða Þriðjudagskveld hvers mánaðar, og hefir sá síður verið til þessa, að á hverjum fundi hefir erindi verið flutt um eitthvert mál, og umræður fylgt á eftir. Efni fyrirlestranna, er fluttir hafa verið síðan félagið myndaðist, er